

Fimmtudaginn 13. janúar 1994.

Nr. 522/1993.

**Alþýðusamband Íslands**  
**f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

gegn

**Haraldi og Sigurði hf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

Kærumál. Félagsdómur. Frávísun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. desember 1993, sem barst réttinum 29. sama mánaðar. Kæruheimild er í 67. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarúrskurður Félagsdóms 16. desember 1993 verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir dóminn að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Óumdeilt er, að varnaraðili á enga aðild að þeim kjarasamningi, sem sóknaraðili telur hann hafa brotið gegn. Málsefnið verður eigi borið undir Félagsdóm á grundvelli 7. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 44. gr. laganna. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Rétt þykir, að sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, greiði varnaraðila, Haraldi og Sigurði hf., 60.000 krónur í kærumálskostnað.

### Úrskurður Félagsdóms 16. desember 1993.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. f.m. vegna frávísunarkröfu stefnda, hefur Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, kt. 440472-1099, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, höfðað fyrir Félagsdómi gegn Haraldi og Sigurði hf., kt. 470486-0159, Faxafeni 12, Reykjavík, með stefnu þingfestri 29. júní 1993.

*Dómkröfur stefnanda eru:*

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að stefndi hafi gerst brotlegur við 7. gr. 1. nr. 80/1938 og kjarasamning Rafiðnaðarsambands Íslands við vinnuveitendur með því á árinu 1992 að notast ekki við ákvörðun ákvæðisvinnu við ákvæðisvinnugrundvöll rafiðna.

2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að sú háttsemi stefnda á árinu 1992 að láta hjá líða að mæla verk í nýbyggingu samkvæmt ákvæðisvinnugrundvelli rafiðna sé brot á 7. gr. 1. nr. 80/1938 og kjarasamningi Rafiðnaðarsambands Íslands og vinnuveitenda.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

*Dómkröfur stefnda eru:*

1. Að málinu verði vísað frá dómi.

2. Til vara að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda.

3. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Frávísunarkrafa stefnda er hér til úrlausnar.

— — —

*Niðurstaða.*

Stefnandi máls þessa er Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands, sem er heildarsamtök íslenskra rafiðnaðarmanna. Samkvæmt 1. mgr. 45. gr. laga nr. 80/1938 eru það sambönd verkalýðsfélaga og atvinnurekenda sem reka fyrir hönd meðlima sinna mál fyrir Félagsdómi. Mál þetta er hins vegar höfðað af Rafiðnaðarsambandinu sjálfu, en ekki vegna sérstaks stéttarfélags innan þess. Er sú sóknaraðild ekki í réttu formi samkvæmt greindu lagaákvæði.

Við málhöfðun fyrir Félagsdómi ber stefnanda að hafa hliðsjón af skilyrðum 80. gr. laga nr. 91/1991 um skýrar dómkröfur og málsástæður. Dómkröfur stefnanda í máli þessu eru óglöggar, og ekki er gerð nánari grein fyrir þeim tilvikum, sem þar um ræðir, eða hverjir áttu þar hlut að máli. Eigi kemur heldur fram hvað þeir starfsmenn stefnda báru úr bótum í reynd,

sem áttu að njóta ákvæðisvinnugrundvallarins að álitni stefnanda. Þessi málalátibúnaður stefnanda er ófullnægjandi og andstæður d- og e-liðum 80. gr. laga nr. 91/1991.

Málsaðila greinir ekki á um það að enginn kjarasamningur er til þeirra í millum. Þegar svo hagar til ber það ekki undir Félagsdóm að dæma um brot á kjarasamningi eða um skilning á 7. gr. laga nr. 80/1938, en sú lagagrein á einungis við þegar vinnuveitandinn er bundinn af kjarasamningi.

Framangreind atriði leiða til þess að taka ber til greina kröfu stefnda um frávisun máls þessa frá Félagsdómi. Eftir atvikum þykir rétt, að stefnandi greiði stefnda kr. 60.000,00 í málskostnað.

Úrskurð þennan kveða upp Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingi-björg Benediktsdóttir, Jón Þorsteinsson og Valgeir Pálsson.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Stefnandi, Rafiðnaðarsamband Íslands, greiði stefnda, Haraldi og Sigurði hf., kr. 60.000 í málskostnað.

---